

## Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 10. desember 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Bárubúð, og hófst fundurinn kl. 15:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir, Markús H. Guðmundsson, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Hallur Páll Jónsson Mannauðstjóri Reykjavíkurborgar og Anna Kristinsdóttir Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar mættu á fundinn

### Þetta gerðist:

**1. Rapport úr undirhópi um unga fólkið og samstarf borgar og framhaldsskóla**  
Drög að greinargerð kynnt.

**2. Forgangsröðun fjármagns til miðlægra potta**

Í fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð fyrir 150 milljón króna framlagi til Atvinnumálahóps. Rætt um hvernig fjárframlaginu skuli skipt upp í verkefni og hvernig aðferðafræði verði notuð við val á verkefnum. Sértek verkefni rædd, atvinnumiðlun fatlaðra og atvinnumiðlun ungmenna. Rætt um hvernig hægt sé að nota miðlægan pott til þess að fjármagna sértek verkefni.

Samstaða um að nýta fjármagnið til atvinnusköpunar fyrst og fremst og vinna í nánú samráði við velferðarsvið um markmið og leiðir. Mikilvægt að vinna gegn langtíma atvinnuleysi og skoða sérstaklega hvernig hægt er að forgangsraða fyrir þann hóp sem er verst settur, t.d. til fjölskyldna þar sem allir hafa misst atvinnu.

**3. Skipan starfshóps atvinnumálahóps um starfsþjálfun á sviðum borgarinnar „intern-ship“**

Ákveðið að skipa í starfshópinn þau Hall Pál Jónsson, Sigurð Snævarr og Ólöfu Örvarsdóttur. Þeim verður falið að móta ramma um verklag borgarinnar vegna starfsþjálfunar.

Fundi slitið kl. 16:30